



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 132/145a
komudagur 23.3.2006

Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 21.3 2006.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 5/1998, 75 mál.

Í frumvarpinu er lagt til að kjósandi geti við tiltekna aðstæður haft sér til aðstoðar við atkvæðagreiðslu einstakling að eigin vali í stað þess að vera bundinn af því að velja einn kjörstjórnarmanna á staðnum.

Frumvarpið er andstætt 49.gr. laganna sem mælir fyrir um hver megi vera viðstödd í kjörstofu en það skulu einungis vera kjósendur, kjörstjórn og fulltrúar lista.

Ekki er augljóst hver tilgangur frumvarpsins er en það vikur frá þeim meginreglum sem lengi hafa gilt við leynilegar kosningar hér á landi og ekki verið tilefni deilna.

Eins og nú háttar er reynt að koma í veg fyrir að leynd sé rofin um hverjum atkvæði sé greitt. Verði opnað fyrir nálægð þriðja aðila sem ekkert erindi á í kjörstofu skapast hættu á því að atkvæði verði söluvara og fullnusta kaupanna staðfest með nærveru aðila sem ekkert erindi á í kjörstofu annað en að fylgja viðkomandi kjósenda.

ASÍ mælir því ekki með samþykki þessa frumvarps.

F.h. Alþýðusambands Íslands,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ

Alþingi
Erindi nr. P 132/1419
komudagur 22.3.2006
EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is


Akureyri 20. mars 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá félagsmálanefnd Alþingis frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna, 75. mál, aðstoð í kjörklefa. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórnin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið. Vakin er þó athygli á prentvillu í síðustu setningu fyrstu málsgreinar fyrstu greinar.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri

Alþingi
Erindi nr. P 132/1420
komudagur 22.3.2006



Alþingi Íslendinga
Selma Hafliðadóttir, nefndarritari
Austurstræti 8–10
150 REYKJAVÍK

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 552 4804
netfang: postur@fel.stjr.is
www.felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík 20. mars 2006
Tilv.: FEL06030026/0005


Vísað er til bréfs félagsmálanefndar Alþingis, dags. 7. mars 2006, þar sem óskað er umsagnar ráðuneytisins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum. Um er að ræða þingskjal 75 — 75. mál.

Frumvarpið felur í sér aukinn rétt til handa þeim kjósendum sem þarfnast aðstoðar í kjörklefa. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að tilgangur þess er að gefa kjósenda kost á því að tilnefna til aðstoðar einstakling sem hann er kunnugur, svo sem maka, afkomendur eða aðra nákomna aðila, fremur en að vera bundinn af því að tilnefna fulltrúa úr kjörstjórn, líkt og heimilt er samkvæmt gildandi lögum. Ráðuneytið telur framangreint markmið vera eðlilegt og leggur því til að frumvarpið verði samþykkt, en telur þó rétt að benda á tvö atriði er varða orðalag frumvarpsins.


Í fyrsta lagi telur ráðuneytið eðlilegt að skoðað verði hvort takmarka beri þá heimild sem felst í þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu þannig að einstaklingum sem eiga sæti á framboðslista í viðkomandi sveitarfélagi verði ekki heimilt að veita aðstoð í kjörklefa.

Í öðru lagi telur ráðuneytið rétt að vekja athygli á því að í lokamálslið 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er orðinu „sem“ ofaukið.

Fyrir hönd ráðherra


Guðjón Bragason


Róbert Ragnarsson



Alþingi
Erindi nr. P 132/1421

komudagur 22.3.2006

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umsögn

Málsnr.: 0603110SA

Dags.: 20. mars 2006

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Tilv.: 111 /TFV

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna

Með bréfi félagsmálanefndar Alþingis, dags. 7. mars sl., fékk Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 5, 6. mars 1998, um kosningar til sveitarstjórna, með síðari breytingum, 75. mál.

Um frumvarpið

Í frumvarpinu felst tillaga um að aukinn verði réttur kjósenda sem ekki eru færir um að kjósa á hefðbundinn hátt vegna sjónleysis eða þess að þeim sé hönd ónothæf.

Sambandið telur að hér sé um jákvæða breytingu á kosningalögum að ræða og leggur til að frumvarpið verði samþykkt á yfirstandandi þingi, þannig að það komi til framkvæmdar þegar við næstu sveitarstjórnarkosningar. Þó leggur sambandið til að við 1. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

„Sá er aðstoð veitir í kjörklefa samkvæmt 1. mgr. má ekki eiga sæti á framboðslista við viðkomandi kosningar.“

Tillaga sambandsins um breytingu á 48. og 49. gr. kosningalaganna

Sambandið leggur til að við frumvarpið verði bætt nýrri grein, sem verði 2. gr., svohljóðandi: *„Fremst í 48. gr. laganna kemur nýr málslíður svohljóðandi: Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörfundarstofunni.“*

Þá leggur sambandið til að við frumvarpið verði bætt annarri grein, sem verði 3. gr., svohljóðandi: *„1. mgr. 49. gr. laganna fellur brott.“*

Í þessum breytingum felst það í raun að úr lögum um kosningar til sveitarstjórna falla brott orðin „Auk umboðsmanna lista má enginn vera inni í kjörfundarstofunni nema þeir kjósendur, einn á hvern kjörklefa, sem eru að greiða atkvæði.“

Ástæða þess að sambandið leggur til þessa breytingu er sú að með lögum nr. 27/2002 var lögum um kosningar til sveitarstjórna breytt á ýmsan hátt til að samræma þau betur ákvæðum laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis. Meðal þeirra breytinga sem gerðar voru var breyting á 54. gr. laga nr. 5/1998 til samræmis við 78. gr. laga um kosningar til Alþingis. Tilgangur breytingarinnar var ekki síst sá að gefa kjörstjórnnum tækifæri til að láta kosningu ganga hraðar með því að gefa fleiri kjósendum kost á að vera inni í kjörfundarstofu í einu. Það

markmið næst ekki fram meðan 2. málsliður 1. mgr. 49. gr. laganna stendur óhaggaður og er því mikilvægt að hann falli brott. Eftir sem áður mun kjörstjórn geta takmarkað þann fjölda sem í kjörfundarstofu er, sbr. 2. mgr. 54. gr. laganna.

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Sýslumannafélag Íslands.

Alþingi
Erindi nr. P 132/1446
komudagur 23.3.2006


Akranes 21. 3. 2006.

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Með bréfi dagsettu 7. mars sl. fór allsherjarnefnd Alþingis fram á umsögn Sýslumannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, mál nr. 75, aðstoð í kjörklefa.

Stjórn félagsins fjallaði um frumvarpið á fundi 17. mars síðastliðinn. Niðurstaðan varð sú að Sýslumannafélagi Íslands gerir ekki athugasemdir við ofangreint frumvarp til laga.

F. h. Sýslumannafélags Íslands,



Olafur P. Hauksson.

Alþingi
Erindi nr. P 132/1458
komudagur 24.3.2006



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. mars 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna, 75. máí


ÖBÍ hefur borist frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna. Er því fagnað að lögð sé til að lagabreyting sem felur í sér aukin réttindi fyrir fatlaða.

Gerðar eru athugasemdir í texta í 1. mgr. 63. gr. , „...að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónieysis eða þess að honum sé hönd ónothæf...“ verði breytt í „...að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða annarar fötlunar“.

Einnig er vakin athygli á villu í síðustu setningu 1. mgr. En hún á væntalega að vera í samræmi við síðustu setningu 2. mgr.

Að öðru leyti styður ÖBÍ þetta frumvarp til laga.

Virðingarfyllt,
f.h. ÖBÍ


Hafdis Gísladóttir
framkvæmdastjóri